

Hafnarfirði, 8. nóvember 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Ég minni á fyrirkomulag kennslunnar til 17. nóvember, þ.e. að allt nám er í fjarkennslu nema á starfsbraut, hjá nemendum í ÍSAN og í bæjarbrú. Eins og staðan er í dag þá leyfa nógildandi sóttvarnareglur einfaldlega ekki meira staðnám.

Þrennt sem ég vil minna á:

1. Búið er að birta **staðfesta próftöflu** á heimasíðu skólans en prófin fara fram dagana **7. – 15. desember** næstkomandi og munu prófin fara fram rafrænt að þessu sinni. Kennarar hafa verið í óðaönn við að yfirfara námsmat og gera breytingar í takt við aðstæður og eru allar upplýsingar um lokanámsmat hvers áfanga að finna á INNU, bæði í tilkynningum og í námsáætlun. Síðasti kennsludagur annarinnar er **föstudagurinn 4. desember**.
2. Mikilvægt er að **velja áfanga fyrir næstu önn**, því þannig staðfesta nemendur áframhaldandi skólavist. Opið er fyrir val til miðnættis annað kvöld, **mánudaginn 9. nóvember**. Þeir sem eru í hámarki geta leitað til kennara og fengið aðstoð við að velja. Þeir sem ætla sér að útskrifast á næstu önn, eða vorið 2021, hafið samband við áfangastjóra. Endanlegt val fyrir vorönnina verður síðan staðfest í desember, eftir að einkunnir hafa verið birtar.
3. Nemendabjónustan okkar er öflug. Ef nemendur þarfnast **aðstoðar í námi** þá er hægt að bóka tíma fyrir viðtöl hjá náms og starfsráðgjöfum okkar í gegnum vefsíðu skólans. Einnig er hægt að senda tölvupóst á Sunnu [sunna@flensborg.is](mailto:sunna@flensborg.is), Laufeyju [laufey@flensborg.is](mailto:laufey@flensborg.is) eða Rannveigu Klöru [rannveigklara@flensborg.is](mailto:rannveigklara@flensborg.is).

Að þessu sögðu þá er mikilvægt að nota vel þennan stutta tíma sem er fram að prófum. Ekki má þó gleyma að huga vel að heilsunni og í því sambandi minni ég á skemmtilegt hvatningarmyndband á vefsíðu og samfélagsmiðlum skólans en þar minnir Dána íþróttakennari okkur á að hreyfing er allra meina bót og hvetur hún okkur til dáða.

Gangi ykkur öllum vel!

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400